

**Félag íslenskra sérkennara**  
Kennarahúsinu við Laufásveg

Reykjavík, 18. apríl 2004

**Umsögn um: Tillögu til þingsályktunar um stofnun sérkennslu og meðferðardeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.**

Legg til að breyting verði gerð á texta ályktunarinnar, hann verði þannig:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að ganga frá samningum um stofnun einnar eða fleiri sérkennslu- og meðferðardeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda og leggja fyrir Alþingi nauðsynlegar lagabreytingar eigi síðar en 1. október 2004.

Greinargerð:

Í áratug hefur opinber stefna íslenskra stjórnvalda verið sú að öllum nemendum á grunnskólastigi skuli þjónað í heimaskóla (hverfissskóla).

Ljóst er að þetta er ekki alltaf framkvæmanlegt gagnvart öllum nemendum. Veikindi (líkamleg eða geðræn), misþroski eða aðlögunarerfiðleikar geta gert þetta óframkvæmlegt um lengri eða skemmri tíma. Börn eða unglingar geta af ýmsum orsökum verið ófær um sinna skólagöngu sér að gagni í stórum hópi eða jafnvel í litlum hópi inni í stórum skóla vegna geðrænna veikinda eða félagslegra aðlögunarerfiðleika.

Nauðsynlegt er að hafa þá stefnu að allir nemendur séu í sama skóla og læri félagslega færni samhliða bóklegu námi þegar þeir eru hæfir til að meðtaka lærdóminn. Jafnframt er nauðsýlegt að hafa einhver úrræði til að þoka áfram námi þeirra og auka þroska og félagslega færni undir stjórn sérfræðinga ef almenn skólaúrræði nýtast ekki af fyrrgreindum orsökum.

Slíkum deildum þarf að vera unnt að koma upp á nokkrum stöðum á landinu þar sem sér hæft starfsfólk er til staðar.

Undirritaður hefur rannsakað skólagöngu fanga og það er ótvíræð niðurstaða þeirrar rannsóknar að mjög stór hluti fanga fékk ekki viðunandi kennslu í grunnskóla og/eða meðferð við geðrænum erfiðleikum sínum. Stór hluti þeirra hefur enga menntun til að byggja á í lífinu og er vanhæfur til a takast á við líf í nútíma samfélagi, en skólastarfi er ætlað að undibúa þegnana undir það.

Fyrir hönd stjórnar **Félags íslenskra sérkennara.**

Ólafur Ólafsson formaður

